

# Fimm lykilskilaboð fyrir nám án aðgreiningar

Kenningu komið í framkvæmd



Inclusive Education in Europe



**EUROPEAN AGENCY**  
for Special Needs and Inclusive Education



# FIMM LYKILSKILABOÐ FYRIR NÁM ÁN AÐGREININGAR

Kenningu komið í framkvæmd

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir



Evrópumiðstöðin um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin; sem hét áður Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu) er sjálfstæð stofnun sem nýtur stuðnings aðildarlanda sinna og stofnana Evrópusambandsins (framkvæmdastjórnar og þings).



Fréttabréfið hefur verið fjármagnað með styrk frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Fréttabréfið endurspeglar einungis skoðanir höfundarins. Framkvæmdastjórnin ber ekki ábyrgð á því hvernig upplýsingar þess kunna að vera notaðar.

Skoðanir sem einstaklingar setja hér fram eru ekki opinberar skoðanir Evrópumiðstöðvarinnar, aðildarlanda hennar eða framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin ber ekki ábyrgð á því hvernig efni þessarar skýrslu kann að verða notað.

Ritstjóri: Victoria Soriano, starfsmaður miðstöðvarinnar

Leyfilegt er að nota útdrætti úr skýrslunni að því tilskildu að heimildar sé greinilega getið. Vísa skal til skýrslunnar á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2014. *Fimm lykilskilaboð fyrir nám án aðgreiningar. Kenningu komið í framkvæmd. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir*

Í því skyni að auka aðgengi er hægt að fá þessa skýrslu á 22 tungumálum og fyllilega stýranlegum rafrænum sniðum, sem má nálgast á vefsíðu miðstöðvarinnar: [www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

ISBN: 978-87-7110-527-8 (Rafrænt)

ISBN: 978-87-7110-505-6 (Prentað)

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2014

Secretariat  
Østre Stationsvej 33  
DK-5000 Odense C Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

Brussels Office  
Rue Montoyer, 21  
BE-1000 Brussels, Belgium  
Sími: +32 2 213 62 80  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)

[www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)



## EFNISYFIRLIT

<b>AÐFARARORÐ</b> .....	<b>5</b>
<b>SAMANTEKT FRAMKVÆMDASTJÓRNAR</b> .....	<b>6</b>
<b>EINS FLJÓTT OG AUÐIÐ ER</b> .....	<b>8</b>
Inngangur.....	8
Skjót afskipti.....	8
Snemmtæk greining og námsmat.....	9
Snemmtækur stuðningur.....	9
Skipulagning tilfærslu.....	10
<b>ALLIR HAGNAST Á NÁMI ÁN AÐGREININGAR</b> .....	<b>11</b>
Inngangur.....	11
Nám án aðgreiningar er leið til að auka árangur allra nemenda.....	12
„Það sem reynist nemendum með sérþarfir vel reynist öllum nemendum vel“.....	13
Eftirlit með framförum.....	14
<b>VIÐURKENNDIR SÉRFRÆÐINGAR</b> .....	<b>16</b>
Inngangur.....	16
Grunn- og starfsþjálfun.....	16
Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar.....	17
Aðferðir við nýliðun.....	17
Jákvæð viðhorf.....	18
Samstarfsnet og samræming.....	18
<b>STUÐNINGSKERFI OG FJÁRMÖGNUNARKERFI</b> .....	<b>20</b>
Inngangur.....	20
Stuðningskerfi og fjármögnunarkerfi.....	20
<i>Skjót afskipti (SA-þjónusta)</i> .....	21
<i>Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni</i> .....	22
<i>Starfsmenntun og þjálfun</i> .....	22
<i>Upplýsinga- og samskiptatækni (UST)</i> .....	23
<b>ÁREIÐANLEG GÖGN</b> .....	<b>26</b>



---

Inngangur .....	26
Eftirlit með réttindum nemenda .....	27
Eftirlit með skilvirkni kerfa fyrir nám án aðgreiningar .....	29
<b>LITID TIL FRAMTÍÐAR.....</b>	<b>32</b>
<b>RITASKRÁ.....</b>	<b>33</b>

## AÐFARARORÐ

Í nóvember 2013 skipulagði Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) alþjóðlega ráðstefnu sem auðveldaði opna umræðu um nám án aðgreiningar. Umræðan náði til allra hlutaðeigandi hagsmunaaðila: Þeirra sem taka ákvarðanir, vísindamanna og lækna og fatlaðs fólks og fjölskyldna þeirra.

Umræður um nám án aðgreiningar taka mið af umræðum um margbreytileika: Hvernig á að taka á honum í skólum, í kennslustofum og almennt í námskránni. Umræða dagsins í dag snýst ekki lengur um hvað nám án aðgreiningar þýði og hvers vegna þörf sé á því, lykilsurningin er hvernig á að ná því markmiði. Hvernig á að taka framförum á landsvísu, hvernig á að innleiða rétt stefnuúrræði á svæðis- og staðarvísu, hvernig kennarar geta best tekist á við margbreytileika í kennslustofunni; þetta voru lykilumræðuefnin á ráðstefnunni.

Þetta skjal setur fram þau fimm skilaboð sem miðstöðin kynnti og ræddi í hópum á meðan ráðstefnunni stóð. Þátttakendum var boðið að leggja sitt af mörkum og ræða þessi fimm skilaboð:

- *Eins fljótt og auðið er:* Jákvæð áhrif snemmtækrar greiningar og afskipta og einnig fyrirbyggjandi aðgerða.
- *Nám án aðgreiningar gagnast öllum:* Jákvæð fræðslu- og félagsleg áhrif af námi án aðgreiningar.
- *Viðurkenndir sérfræðingar:* Mikilvægi þess að hafa viðurkennt fagfólk að störfum almennt séð, og þá einkum í kennslu.
- *Stuðningskerfi og fjármögnunarkerfi:* Þörfin fyrir traust stuðningskerfi og tengd fjármögnunarkerfi.
- *Áreiðanleg gögn:* Hið mikilvæga hlutverk sem gögn gegna, einnig ávinningur af þeim og takmarkanir á notkun þeirra.

Þessi lykilskilaboð draga saman grundvallarþætti þess starfs sem miðstöðin hefur stjórnað síðasta áratuginn og ræða viðkomandi málefni sem varða sem nám án aðgreiningar.

Miðstöðin vill þakka öllum þátttakendum ráðstefnunnar fyrir framlag þeirra og skuldbindingu við þessa mikilvægu umræðu.

Per Ch Gunnvall  
Formaður

Cor J.W. Meijer  
Framkvæmdastjóri

## SAMANTEKT FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Alþjóðlega ráðstefnan hefur verið gagnlegur vettvangur fyrir umræðu um nám án aðgreiningar frá ólíkum hliðum og náði til allra viðeigandi hagsmunaaðila.

Lykilmálefni ráðstefnunnar voru meðal annars: Hvernig á að taka á margbreytileika; hvernig á að styðja nemendur, kennara og fjölskyldur; hvernig getur nám án aðgreiningar gagnast við kennslu; hvernig á að framkvæma réttu úrræðin; og hvernig er best að fjárfesta.

Miðstöðin beindi athygli að fimm lykilskilaboðum sem voru rædd í þaula, sem leiddi til frekari íhugunar og aðgerða.

Þátttakendurnir lögðu til nokkur íhugunarefni og tillögur að aðgerðum sem tengjast lykilskilaboðunum:

- *Eins fljótt og auðið er:* Öll börn eiga rétt á að fá tilskilinn stuðning eins fljótt og hægt er og hvenær sem hans er þörf. Það felur í sér samræmingu og samvinnu milli þjónustustiga, sem einhver hinna hlutaðeigandi þjónustuaðila leiðir. Hlutaðeigandi hagsmunaaðilar þurfa að byggja upp raunveruleg samskipti sín á milli og vera færir um að skilja og skiptast á upplýsingum. Foreldrar eru hagsmunaaðilar.
- *Allir hagnast á námi án aðgreiningar:* Nám án aðgreiningar miðar að því að veita öllum nemendum góða menntun. Til að koma á skóla án aðgreiningar er stuðnings þörf frá samfélaginu í heild sinni: Frá þeim sem taka ákvarðanir til endanlegra notenda (nemenda og fjölskyldna þeirra). Samstarfs er krafist á öllum stigum og allir hagsmunaaðilar þurfa skýra sýn um langtímaniðurstöður – þá tegund ungs fólks sem skólinn og samfélagið mun „framleiða”. Breytinga er þörf á íðorðanotkun, viðhorfum og gildum, sem endurspeglar aukið vægi fjölbreytileika og jafnrar þátttöku.
- *Viðurkenndir sérfræðingar:* Til að kennarar og annað kennslufræðimenntað fagfólk sé búið undir nám án aðgreiningar er breytinga þörf á öllum sviðum kennaramenntunar – námsáætlunum, daglegum starfsvenjum, nýliðun, fjármálum, o.s.frv. Næsta kynslóð kennara og kennslufræðimenntaðs fagfólks verður að vera menntuð til að kenna/leiðbeina öllum nemendum; það þarf ekki aðeins að mennta það fólk með tilliti til hæfni heldur einnig með tilliti til siðrænna gilda.
- *Stuðningskerfi og fjármögnunarkerfi:* Bestu vísana fyrir fjármögnun er ekki að finna í fjármálum, heldur í mælingu á skilvirkni og frammistöðu. Afar mikilvægt er að leggja mat á niðurstöðurnar og tengja þær við það starf sem þegar hefur verið unnið til að ná þeim. Þetta kallar á eftirlit og mælingar á skilvirkni kerfisins til að beina fjármunum í þau verkefni sem best hafa





heppnast. Uppbygging náms án aðgreiningar þarf að tryggja að aukinn fjárhagslegur stuðningur sé tiltækur ef nemendur eru settir í umhverfi án aðgreiningar og að aukin áhersla sé lögð á árangurinn (og þá ekki aðeins fræðilegan).

- *Áreiðanleg gögn*: Merkingarbær, gæðatengd gagnasöfnun krefst kerfisbundinnar nálgunar sem nær yfir nemendur, staðsetningu, kennara og fjáröflunarmál. Gögn tengd staðsetningu nemenda eru nytsamlegur og nauðsynlegur upphafspunktur, en þeim þurfa að fylgja skýr gögn um kerfisútkomu og áhrif. Mun erfiðara er að safna gögnum um einkunnir nemenda – áhrif náms án aðgreiningar – og slík gögn vantar oft í gagnasöfnun landa.

Að lokum er hægt að gefa stutt yfirlit yfir helstu niðurstöður umræðnanna á eftirfarandi hátt: Skipulagning og framkvæmd náms án aðgreiningar er ferli sem varðar allt menntakerfið og alla nemendur; jafnræði og gæði fara hönd í hönd; líta verður á nám án aðgreiningar sem hugtak í þróun, þar sem málefni tengd fjölbreytileika og lýðræði verða sífellt mikilvægari.

## EINS FLJÓTT OG AUÐIÐ ER

### Inngangur

„Eins fljótt og auðið er“ snýst fyrst og fremst um afskipti snemma á ævi barnsins. Þetta nær einnig yfir marga aðra viðkomandi þætti, svo sem: afskipti um leið og þörfin er greind, framkvæmd á snemmtæku námsmati, veitingu tilskilins stuðnings eins fljótt og auðið er og tilfærslutímabil undirbúnings og skipulagningar af einu skólastigi yfir á það næsta og út á atvinnumarkaðinn.

Þótt niðurstöður ýmissa verkefna miðstöðvarinnar hafi ekki falið í sér greiningu á minnkuðu brottfalli úr námi er mótun vandaðrar stefnu og aðgerðaáætlun um snemmtæka greiningu, ásamt snemmtækum og árangursríkum stuðningi, forsenda fyrir minnkun á brottfalli.

### Skjót afskipti

Á fyrirspurnarþingi Evrópuþingsins, sem miðstöðin skipulagði árið 2011, kom ungt fólk fram með eftirfarandi sjónarmið: „Nám án aðgreiningar hefst í leikskólanum“ (Evrópumiðstöðin, 2012a, bls. 14); „Fjölbreytileiki er jákvæður; það er mikilvægt að undirbúa fólk allt frá upphafi, að vinna með krökkum að því að ala upp betri kynslóð“ (á sama stað, bls. 29).

Innan ramma skýrslu miðstöðvarinnar frá 2010, *Skjót afskipti – Framfarir og þróun 2005–2010*, eru skjót afskipti (SA-þjónusta) skilgreind sem:

*Ýmiss konar þjónusta/úrræði fyrir yngstu börnin og fjölskyldur þeirra, sem veitt er að þeirra beiðni á tilteknum tímamarki í lífi barnsins og tekur til allra aðgerða sem gripið er til þegar barnið þarfnast sérstaks stuðnings til að: tryggja og stuðla að persónulegum þroska þess, efla hæfni og getu fjölskyldunnar, og auka félagslega þátttöku fjölskyldunnar og barnsins (Evrópumiðstöð, 2010, bls. 7).*

Meðal þeirra ólíku þátta sem staðfest hefur verið að varði SA-þjónustu er framboð einn þeirra sem verður að undirstrika sérstaklega:

*Sameiginlegt markmið SA-þjónustu er að ná til allra barna og fjölskyldna sem þarfnast stuðnings eins snemma og hægt er. Það er því almennt forgangsmál í öllum þáttökulöndunum að búseta hafi ekki áhrif á aðgengi að úrræðum og tryggja þarf að börn og aðstandendur þeirra, sem leita eftir aðstoð, njóti sams konar þjónustu (á sama stað, bls. 7–8).*

Skjót afskipti voru einnig rædd innan ramma verkefnisins *Fjölmenningsarsamfélag og sérkennsla*:

Kennarar og einnig sérfræðingar frá stuðningsmiðstöðvum kynntu það sem þeir töldu brýnast. Þar á meðal: Að skjót afskipti hefðu forgang, að mikilvægt og brýnt væri að eiga samstarf við foreldra [meðal annarra] (Evrópumiðstöðin, 2009a, bls. 55).

## **Snemmtæk greining og námsmat**

Skýrsla miðstöðvarinnar, *Námsmat í skólum án aðgreiningar: Lykilatriði í stefnumótun og starfi*, veitir greinargóða lýsingu á þessum mikilvæga þætti. Þar segir:

*Frumgreining á nemendum sem talið er að hafi sérþarfir [sérkennsluþarfir] getur þjónað tvenns konar tilgangi:*

- *að styðja opinbera ákvörðun um að „viðurkenna“ að nemandi hafi sérþarfir og þurfi viðbótarúrræði til að geta stundað nám;*
- *að veita upplýsingar um námsleiðir þar sem greiningin varpar ljósi á styrkleika og veikleika sem nemandi kann að búa yfir á ýmsum sviðum í námi. Slíkar upplýsingar eru oft notaðar til að bæta námið – e. t. v. sem kveikjan að einstaklingsbundinni námsáætlun eða annars konar markmiðasetningu – fremur en sem eitt einstakt grunnmat (Watkins, 2007, bls. 20).*

„Þverfagleg teymi annast frumgreiningu og umsjónarkennarar, foreldrar og nemendur taka fullan þátt í matsferlinu“ (á sama stað, bls. 33).

Mikilvægi snemmtæks námsmats sem fylgt er eftir með skjótum afskiptum var undirstrikað í skýrslu miðstöðvarinnar *Menningarlegur fjölbreytileiki og sérkennsla* (2009a) og einnig í niðurstöðum í skýrslu miðstöðvarinnar *Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð (MIPIE)* (2011a).


## **Snemmtækur stuðningur**

Megnið af skýrslum miðstöðvarinnar vísa til mikilvægis og ávinnings af skjótum afskiptum.

Verkefnið *Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni* nefnir að:

*Mælikvarðar sem nota ætti þegar nemendum er boðið upp á sérúrræði að hluta til eru: (1) eins fljótt og auðið er; (2) með eins sveigjanlegum hætti og hægt er (ef ein lausn virkar ekki skal velja aðra); (3) eins „auðveldlega“ og hægt er (án neikvæðra hliðarverkana); (4) eins nálægt og hægt er (þess vegna innan hins almenna bekkjar eða skóla); og (5) eins stutt og auðið er (Evrópumiðstöðin, 2003, bls. 17).*

Í skýrslunni *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu – viðfangsefni og tækifæri* segir að:



---

*með því að fjárfesta í menntun yngstu barnanna og gera menntakerfin stöðugt heildtækari má vænta þess að þau úrræði komi að meira gagni en skammtímalausnir sem ætlað er að „brúa bil“ eða styðja tiltekna jaðarhópa (Evrópumiðstöð, 2011b, bls. 77).*

### **Skipulagning tilfærslu**

Hin ýmsu verkefni miðstöðvarinnar um tilfærslu hafa einblínt á þörfina fyrir snemmtæka áætlun til að fara af einu skólastigi og yfir á það næsta og einnig úr skóla og út í atvinnulífið (2002a, 2002b, 2006 og 2013).

Skýrslan *Umskipti úr skóla og út í atvinnulífið. Meginreglur og tillögur fyrir stefnumótandi aðila* undirstrikar að löndin þurfa að „ tryggja að snemma á skólagöngu nemandi sé byrjað að þróa umskiptaáætlun fyrir hann, en ekki bara um þær mundir sem skyldunámi lýkur“ (Evrópumiðstöðin, 2002a, bls. 5).

Innan starfsramma miðstöðvarinnar í þessu efni, *Einstaklingsbundin tilfærsluáætlun:*

*Svo virðist sem tilfærsla yfir á atvinnumarkað sé hluti af löngu og flóknu ferli sem nær yfir alla þætti í lífi einstaklings, og sem þarf að stýra á sem mest viðeigandi hátt. „Gott líf fyrir alla“ og „góð vinna fyrir alla“ eru endanleg markmið árangursríks tilfærsluferlis. Þær tegundir úrræða eða skipulag skóla eða annarra staðsetninga skóla ættu ekki að stangast á við eða hindra tilkomu slíks ferlis (Evrópumiðstöðin, 2006, bls. 8).*

Að lokum: Meginmarkmið skjótra afskipta er að veita reynslutengdar og jákvæðar aðgerðir til að stuðla að snemmtækum þroska barnsins, fjölskylduþátttöku, lífsgæðum, félagslegri þátttöku og samfélagslegri eflingu. Hafa verður í huga að stuðningsþjónusta er nauðsynleg fyrir suma, en gagnast einnig öllum. Öll börn eiga rétt á að fá stuðning þegar þau þurfa á honum að halda. Það krefst samhæfðra lausna innan sviða og skilvirks samstarfs á milli allra hagsmunaaðila.

## ALLIR HAGNAST Á NÁMI ÁN AÐGREININGAR

### Inngangur

Aukin viðurkenning er innan Evrópu og einnig um heim allan á nauðsyn þess að færast í átt að stefnu um og framkvæmdar á námi án aðgreiningar. Í *Ályktanir ráðsins um félagslega þætti menntunar og þjálfunar segir*: „Að skapa kjöraðstæður fyrir árangursríkt nám án aðgreiningar fyrir nemendur með sérþarfir í almennum bekkjum gagnast öllum nemendum“ (Ráð Evrópusambandsins, 2010, bls. 5).

Grænbók nefndar Evrópubandalaganna um búferlaflutninga og hreyfanleika undirstrikar að:

*Skólar verða að gegna leiðandi hlutverki við sköpun samfélags án aðgreiningar, þar sem þeir skapa mikilvægasta vettvanginn fyrir ungt fólk í farand- og gistisamfélögum til að kynnast og læra að virða hvert annað ... tungumálalegur og menningarlegur fjölbreytileiki getur fært skólum ómetanleg úrræði* (Nefnd Evrópubandalaganna, 2008, bls. 1).

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) (2009) gefur skýrt til kynna að nám án aðgreiningar er spurning um jafnræði og er þess vegna gæðamál sem hefur áhrif á alla nemendur. Þrjár tillögur varðandi nám án aðgreiningar eru undirstrikaðar: Skóli án aðgreiningar og gæði eru gagnkvæm, aðgangur og gæði eru tengd og efla hvort annað, og gæði og jafnræði eru grundvöllur þess að tryggja nám án aðgreiningar.

Mörg verkefna miðstöðvarinnar hafa einnig tekið sérstaklega á þessu máli. Skýrslan um ráðstefnu miðstöðvarinnar *Aukinn árangur meðal nemenda (RA4AL)* (Evrópumiðstöðin, 2012c) undirstrikar að málefni tengd skilgreiningu á námi án aðgreiningar hafa orðið æ mikilvægari og að það virðist vera vaxandi samkomulag um þörfina á lausnum sem byggjast á réttindum til að stuðla að meira jafnræði og félagslegu réttlæti og til að styðja við þróun samfélags án mismununar. Umræðan um nám án aðgreiningar hefur þess vegna víkkað úr því að einblína á flytja börn sem skilgreind eru með sérkennsluþarfir inn í almenna skóla yfir í að leitast við að veita hágæðamenntun – og meðfylgjandi ávinning – fyrir alla nemendur.

Eftir því sem fleiri lönd aðhyllast víðari skilgreiningu á námi án aðgreiningar er í auknum mæli litið á fjölbreytileika sem „eðlilegan“ innan allra nemendahópa og hægt er að líta á nám án aðgreiningar sem leið til að auka árangur með nærveru (aðgangi að námi), þátttöku (gæðum námsreynslunnar) og árangri (námsferlum og einkunnum) **allra** nemenda.

Vinna miðstöðvarinnar að *Lykilatriðum sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar* (Evrópumiðstöðin, 2009b) rennir stoðum undir mikilvægi nemenda-/einstaklingsmiðaðra námsaðferða, kennaramats sem styður við nám og samstarf



með foreldrum og fjölskyldum – þetta er hins vegar lykillinn að því að bæta gæði náms fyrir alla nemendur.

### **Nám án aðgreiningar er leið til að auka árangur allra nemenda**

Wilkinson og Pickett vekja athygli á því að „ásamt því að bæta velsæld samfélagsins í heild sinni er aukið jafnrétti einnig lykillinn að landsstöðlum yfir árangur“ (2010, bls. 29). Þau leggja áherslu á að ef:

*tiltekið land vill ná hærra meðalgildi námsárangurs meðal skólabarna verður það að takast á við þann undirliggjandi ójöfnuð sem skapar brattari félagslegan halla í námsárangri (á sama stað, bls. 30).*

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD, 2011) véfengir þá hugmynd að séu allir nemendur hafðir saman í námi muni það með einhverjum hætti rýra árangurinn í heild og sýnir að þó að árangur lægst standandi nemenda sé bættur þurfi það ekki að vera á kostnað þeirra nemenda sem sýna betri árangur. Niðurstöður í skýrslu UNESCO *Learning Divides* [Klofningur í menntun] (Willms, 2006) færa einnig sönnur á það að sterk frammistaða skóla og jafnræði geta farið saman og að þau lönd sem sýna besta frammistöðu séu gjarnan þau sem er að takast að auka árangur allra nemenda (Evrópumiðstöðin, 2012d).

Samkvæmt RA4AL-skýrslu miðstöðvarinnar

*... fundu Farrell og starfsfélagar (2007) afmarkaðan bálk rannsókna sem bendir til þess að séu nemendur með sérkennsluþarfir settir í almenna skóla hafi það engar meiriháttar neikvæðar afleiðingar fyrir akademískan árangur, hegðun og viðhorf allra barna. Kerfisbundin endurskoðun á ritefni sem Evidence for Policy and Practice Initiative (EPPI) [Vitnisburður um stefnu og starfshætti] veitti heimild fyrir (Kalambouka og aðrir, 2005) sýnir einnig að almennt séð hefur það engin neikvæð áhrif á nemendur án sérkennsluþarfa þegar nemendur með sérþarfir eru látnir ganga í almenna skóla (Evrópumiðstöðin, 2012d, bls. 8).*

Ýmsar rannsóknir sýna fram á margs konar ávinning af námi án aðgreiningar fyrir ófatlaða nemendur. Meðal annars má nefna:

*Aukið samþykki og viðurkenningu á einstaklingsmun og fjölbreytileika, virðingu fyrir öllu fólki, undirbúningur fyrir fullorðinsárin í samfélagi án aðgreiningar og tækifæri til að öðlast vald á athöfnum með því að æfa sig og kenna öðrum. Einnig er sýnt fram á slík áhrif í nýlegum rannsóknum, til dæmis Bennett og Gallagher (2012) (Evrópumiðstöðin, 2012d, bls. 8).*

*Jákvæð áhrif af staðsetningu án aðgreiningar á nemendur með fötlun eru sett fram í rannsóknum eins og eftir MacArthur og aðra (2005) og de Graaf og aðra (2011). Þetta felur í sér bætt félagsleg tengsl og tengslanet, jafningjafyrirmyndir, aukinn árangur, meiri væntingar, aukið samstarf meðal*

*skólastarfsfólks og bætta blöndun fjölskyldna inn í samfélagið*  
(Evrópumiðstöðin, 2012d, bls. 8).

Enn frekari ávinningur gæti falist í aðgangi að breiðari tækifærum í námskrá og viðurkenningu og faggildingu á árangri.

*Huga ætti að því að bæta skipulag á „svigrúmi“ til náms og bjóða fleiri tækifæri fyrir nemendur til að uppgötva sérgáfur á mismunandi sviðum umfram akademískt nám (á sama stað, bls. 25).*

Rannsókn eftir Chapman og aðra (2011) varpar sérstaklega ljósi á:

*stjórnunaraðferðir sem stuðla að árangri hjá nemendum með sérkennsluþarfir/fötlun og bendir til þess að tilvist fjölbreytts hóps nemenda geti undir réttum skipulagslegum aðstæðum örvað fyrirkomulag samstarfs og hvatt til skapandi leiða til kennslu hópa sem erfitt er að ná til (Evrópumiðstöðin, 2012d, bls. 21).*

**„Það sem reynist nemendum með sérþarfir vel reynist öllum nemendum vel“**

Þessi staðhæfing var sett fram í útgáfu miðstöðvarinnar *Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni* (Evrópumiðstöðin, 2003, bls. 33) hefur síðan þá verið ítrekuð oft í verkum miðstöðvarinnar.

Til dæmis undirstrikar sama rannsókn að:

*jafningjafræðsla eða samvinna í námi skilar árangri á bæði vitsmunalegum og tilfinningalegum (félags- og tilfinningalegum) sviðum er snerta þekkingu og þroska nemenda. Nemendur sem hjálpa hver öðrum, einkum í sveigjanlegu og vel skipulögðu hópastarfi, njóta góðs af því að læra saman (á sama stað, bls. 23).*


Í vinnu miðstöðvarinnar um framkvæmd náms án aðgreiningar í framhaldsskólum árið 2005 var lögð áhersla á að:

*Allir nemendur – þar með talið nemendur með sérkennsluþarfir – sýna framfarir í námi sínu með kerfisbundnu eftirliti, einstaklingsmati, skipulagningu og mati á starfi þeirra (Evrópumiðstöðin, 2005, bls. 8)*

og að:

*Allir nemendur njóta góðs af samvinnu í námi: Nemandinn sem útskýrir fyrir öðrum nemanda man upplýsingar betur og lengur og þörfum nemandans sem er að læra er betur mætt af jafningja sem er aðeins með örlítið hærra skilningsstig en hann sjálfur (á sama stað, bls. 18–19).*

RA4AL-skýrslan segir:



---

*kerfi sem gerir nemendum kleift að stefna að sameiginlegum markmiðum, en með mismunandi leiðum, og sem notar mismunandi námshætti og námsmat, ætti að ná til fleiri og auka árangur allra nemenda (Evrópumiðstöðin, 2012d, bls. 25).*

Vinna miðstöðvarinnar við *Námsmat í skólum án aðgreiningar* sýnir einnig fram á þörfina á að hafa alla nemendur og foreldra/fjölskyldur með í bæði náms- og námsmatsferlinu (Watkins, 2007).

Í sömu skýrslu er bent á að ferli aðgreiningar þarfnast vandlegrar umhugsunar. Þó að það kunnist einnig að vera tengt persónumiðun og einstaklingsmiðun og litið á það sem leið til að mæta betur skilgreindum þörfum einstaklinga eða hópa er ferlið oft kennaramiðað frekar en leitt áfram af nemandanum. Einstaklingsmiðun þarf að miðast við þarfir og áhugasvið allra nemenda.

Í nýlegra *i-access* verkefni miðstöðvarinnar er tekið fram að ávinningur af hjálpartækni eða „stuðningstækni“ reynist oft gagnleg fyrir fjölbreyttan hóp notenda. „Aðgengi gagnast notendum með fötlun og/eða sérkennsluþarfir og getur oft gagnast öllum notendum“ (Evrópumiðstöðin, 2012e, bls. 22).

Sjónarmið ungs fólks með og án fötlunar eins og þeim er lýst í ritinu *Sjónarmið ungs fólks varðandi nám án aðgreiningar* veita skýra samantekt á ávinningi af námi án aðgreiningar fyrir alla nemendur. Eins og einn ungur nemandi sagði: „Nám án aðgreiningar er fyrir öll börn. Almennir skólar eiga að vera staðsettir í grennd við heimili þeirra. Þá eru meiri líkur á að þau kynnist fólki úr sama hverfi“ (Evrópumiðstöðin, 2012a, bls. 11). Aðrir sögðu einnig: „Nemendur með og án sérþarfa geta lært hver af öðrum og miðlað reynslu sinni og þekkingu“, „Það er gott fyrir okkur – gott fyrir þá. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það kemur öllum í bekknum til góða“ og „Nám án aðgreiningar stuðlar að auknu umburðarlyndi og fordómaleysi meðal barna í almennum skólum“ (á sama stað, bls. 22).

### **Eftirlit með framförum**

Þar sem nám án aðgreiningar hefur verið útvíkkað til að taka tillit til gæðamenntunar fyrir alla nemendur er nauðsynlegt að finna nýjar leiðir til að hafa eftirlit með framförum. Í vinnu miðstöðvarinnar við vísbenda og *MIPIE*-skýrsluna (2011a) er lagt til að innan skóla ætti gagnasöfnun að taka tillit til þeirra þátta sem hafa áhrif á gæði inntökuaðferða skóla, eins og: Inntökureglna og -stefna án mismununar, stefna og aðferða sem voru þróaðar til að styðja nemendur við að koma þörfum sínum á framfæri, tilvistar skýrrar stefnumarkandi yfirlýsingar gegn einelti, innleiðingar fyrirbyggjandi starfsreglna um nám án aðgreiningar, þjálfunarfunda með starfsfólki um inntökumál og við sköpun aðlaðandi skólaumhverfis, vinsamlegu og góðu samstarfi með nemendum og fjölskyldum, aðferða til að aðstoða nemendur og





fjölskyldur til að taka virkan þátt í skólasamfélaginu og inni í bekk, og framboðs á upplýsingum, ráðgjöf og aðferðum við ráðgjöf og áhrifum þeirra á nemendur.

Að lokum, útvíkkuð umræða um nám án aðgreiningar hefur þau áhrif að leitast er við að veita hágæðamenntun – og ávinning – fyrir alla nemendur. Sterk frammistaða í skóla og jafnræði geta farið saman.

Menntakerfið er flókið og sundurlaust og eins og stendur skortir samfellda hugsun um nám án aðgreiningar. Almenn séð er lítill stuðningur við þá skólastjóra og stjórnendur sem kunna að vera að reyna að koma á breytingum í einangruðum aðstæðum. Fjölbreytileiki er að aukast í kerfinu en gamlar hefðir aftra aðgerðum. Þróa verður færni hjá skólum í gegnum samhengisvitund, samræmi (milli löggjafar og stefnu/framkvæmdar), skýrleika hugmynda og samfelldan stuðning – fyrir alla hagsmunaaðila – sem hvetur skólana til að sinna skólastarfi sem forvörn fremur en sem viðbragði. Ef kennarar kynnast öllum nemendum og grípa snemma inn í mun það stuðla að gæðastuðningi við alla nemendur, að litið sé á það sem hluta af venjulegu námi.



## VIÐURKENNDIR SÉRFRÆÐINGAR

### Inngangur

„Viðurkenndir sérfræðingar“ varða grunn- og starfsþjálfun, færnilýsingar, gildi og færni kennara, skilvirkar aðferðir við nýliðun og viðhorf, og einnig samstarfsnet og samræmingu allra sérfræðinga.

Ungt fólk sem sótti fyrirspurnarþing Evrópuþingsins, sem miðstöðin hélt árið 2011, sagði:

*Grundvöllurinn fyrir námi án aðgreiningar er skilningur og menntun kennaranna ... Kennarar verða að taka tillit til sérþarfa hvers og eins og gefa þeim möguleika á að ná markmiðum sínum. Við búum öll yfir hæfileikum – í sameiningu sköpum við betra starfsumhverfi (Evrópumiðstöðin, 2012a, bls. 12).*

### Grunn- og starfsþjálfun

Viðeigandi grunn- og starfsþjálfun kennara og annarra sérfræðinga er álitin vera lykilþáttur fyrir vel heppnaða framkvæmd á námi án aðgreiningar. Skýrsla miðstöðvarinnar *Lykilatriði sem stuðla að gæðum menntunar í skólum án aðgreiningar – Tilmæli um starfshætti* undirstrikar að:

*Öllum kennurum ber að afla sér færni til að geta komið til móts við ýmsar sérþarfir allra nemenda. Almenn kennaranám og framhaldsnám skal veita kennurum færni, þekkingu og skilning sem gefur þeim sjálfstraust til að takast á skilvirkan hátt við ýmiss konar sérþarfir nemenda (Evrópumiðstöðin, 2011c, bls. 15).*

Skýrsla miðstöðvarinnar *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu – Viðfangsefni og tækifæri* vísar í uppbyggingu á grunnmenntun kennara. Þar segir:

*Eitt helsta forgangsverkefnið ... var að endurskoða þyrfti formgerð kennaranámsins þannig að áhersla á skóla án aðgreiningar yrði aukin og almenn kennaranám og sérkennaranám fellt saman. Stöðugt fleiri viðurkenna að hlutverk kennara sé að breytast og áhersla er lögð á að endurskoða þurfi þá fræðslu sem kennarar fá til að geta tekist á við starf sitt og ábyrgðarsvið (Evrópumiðstöðin, 2011b, bls. 18).*

Ennfremur segir:

*Fræðsluaðilar gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að auka gæði kennarastéttarinnar. Í flestum Evrópulöndum er þó ekki nein sérstök stefna ráðandi varðandi færni sem þeir skulu búa yfir eða hvernig þeir skulu valdir eða þjálfaðir (á sama stað, bls. 63).*

## Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar

Innan ramma verkefnis miðstöðvarinnar *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar*, hefur *Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar* (Evrópumiðstöðin, 2012b) verið þróuð sem leiðarvísir að þróun og framkvæmd á áætlunum um almennt kennaranám (ITE) fyrir alla kennara. Hún greinir ramma grunnilda og færnisviða sem hægt er að nota í öllum ITE-áætlunum til að undirbúa alla kennara undir störf í skóla án aðgreiningar og tekur tillit til fjölbreytileika í öllum sínum myndum.

Rammi grunnilda og færnisviða felur í sér:

***Að geta lagt mat á ólíkar þarfir nemenda*** – litið er á fjölbreytileika nemenda sem mannauð og menntunarauka. Færnisviðin sem fylgja þessu grunnildi tengjast: skilningi á námi án aðgreiningar; skoðun kennarans á fjölbreytileika meðal nemenda.

***Að veita öllum nemendum stuðning*** – kennarar vilja að allir nemendur nái góðum árangri. Færnisviðin sem fylgja þessu grunnildi tengjast: aukinni fræðslu meðal nemenda á fræðilegu, hagnýtu, félagslegu og tilfinningalegu sviði; skilvirkum kennsluaðferðum í sundurleitum nemendahópum.

***Að geta unnið með öðrum*** – samstarf og teymisvinna er öllum kennurum mikilvæg. Færnisviðin sem fylgja þessu grunnildi tengjast: samstarfi við foreldra og aðstandendur; samstarfi við ýmsa aðra sérfræðinga á sviði menntamála.

***Að þroskast í starfi*** – kennsla er námsferli og kennurum ber að stunda símenntun. Færnisviðin sem fylgja þessu grunnildi tengjast: fagmennsku kennara; almennu kennaranámi sem undirstöðu faglegrar starfsþróunar (á sama stað, bls. 7).

## Aðferðir við nýliðun

Skilvirkar aðferðir við nýliðun og aðferðir til að halda kennurum og öðrum sérfræðingum í starfi eru lykilþættir í mörgum verkefna miðstöðvarinnar. Skýrsla miðstöðvarinnar *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu – Viðfangsefni og tækifæri undirstrikar*:

*Kanna þarf hvernig standa má betur að innritun nema í kennaranám og draga úr brottfalli, og leita skal leiða til að fá fleiri kennara með ólíkan bakgrunn, þar með talið fatlaða einstaklinga, til starfa* (Evrópumiðstöðin, 2011b, bls. 71).

Skýrsla verkefnisins bendir á að:

*Í fáeinum löndum eru haldin inntökupróf í kennaranám en nýlegar rannsóknir Menters og samstarfsfélaga (2010) sýna að skilvirkt kennslustarf er víðtækara*

svið en svo að próf í bóklegri kunnáttu geti sagt fyrir um hæfni með áreiðanlegum hætti. Fræðirit og landsskýrslur sem rannsóknin byggir á styðja þessa niðurstöðu, þar sem í báðum tilvikum er bent á mikilvægi viðhorfa, grunngilda og skoðana, auk þekkingar og hæfni, við uppbyggingu náms án aðgreiningar. Þessi atriði, ásamt hæfileikum sem stuðla að tilskilinni færni, er erfitt að meta, jafnvel í viðtölum og frekari rannsókna er þörf á aðferðum við innritun í kennaranámið (Evrópumiðstöðin, 2011b, bls. 19–20).

### **Jákvæð viðhorf**

Jákvæð viðhorf kennara og annarra sérfræðinga eru undirstrikuð sem lykilþáttur fyrir nám án aðgreiningar í flestum verkefnum miðstöðvarinnar. Skýrsla miðstöðvarinnar *Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni* segir:

*Auðvitað veltur skóli án aðgreiningar að miklum hluta á viðhorfum kennara til nemenda með sérkennsluþarfir, á álitum þeirra á mismun í skólastofunni og vilja þeirra til að taka á þessum mismun á skilvirkan hátt. Viðhorf kennara hafa yfirleitt verið sett fram sem úrslitabáttur við að draga úr aðgreiningu í skólum (Evrópumiðstöðin, 2003, bls. 12).*

Eins undirstrikar skýrsla miðstöðvarinnar *Lykilatriði sem stuðla að gæðum menntunar í skólum án aðgreiningar – Tilmæli um starfshætti* mikilvægi jákvæðra viðhorfa. Þar segir:

*Kennarar skulu hafa jákvætt viðhorf gagnvart öllum nemendum sínum og vilja til að eiga samvinnu við samstarfsfólk. Öllum kennurum ber að líta á fjölbreytileika sem styrk og hvatningu til að afla sér frekari fræðslu (Evrópumiðstöðin, 2011c, bls. 14).*

Skýrsla miðstöðvarinnar, *Námsmat í skólum án aðgreiningar: Lykilatriði í stefnumótun og starfi* segir:

*Það viðhorf sem kennarinn hefur gagnvart námi án aðgreiningar, námsmati og þar af leiðandi námsmati fyrir alla skiptir sköpum. Jákvætt viðhorf má byggja upp með viðeigandi menntun, stuðningi, úrræðum og hagnýtri reynslu af námi án aðgreiningar. Kennarar þurfa að hafa slíka reynslu til að öðlast hið jákvæða viðhorf sem til þarf (Watkins, 2007, bls. 51).*

### **Samstarfsnet og samræming**

Allar skýrslur miðstöðvarinnar vísa í hið skilvirka hlutverk samstarfs og samræmingar milli sérfræðinga og samstarfsnet með þverfaglegri samfélagsþjónustu. Eitt athyglisvert dæmi er skýrsla miðstöðvarinnar *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar: Færnilýsing fyrir kennara í skólum án aðgreiningar (TE4I)*, sem undirstrikar að:



*Innleiðing náms án aðgreiningar skal vera sameiginlegt verkefni þar sem ýmsir aðilar gegna tilteknu hlutverki og hafa ákveðnum skyldum að gegna. Sá stuðningur sem bekkjarkennarar þurfa á að halda til að geta gegnt starfi sínu felur meðal annars í sér aðgang að kerfi sem auðveldar þeim samskipti og samstarf við ýmsa sérfræðinga (m.a. sérfræðinga sem starfa innan æðri menntastofnana), sem og möguleikum á faglegri starfsþróun (Evrópumiðstöðin, 2012b, bls. 23).*

Í útgáfuefni miðstöðvarinnar *Nám án aðgreiningar og skólastarf í efri bekkjum grunnskóla (11 til 14 ára nemendur)* eru álitaefti varðandi samvinnu í kennslustörfum og samstarf við lausn vandamála undirstrikuð sem lykilþættir fyrir skilvirka framkvæmd náms án aðgreiningar. Í verkefninu segir m.a.: „Kennarar þurfa á stuðningi og samstarfi að halda, bæði meðal samstarfsfólks innan skólans og frá sérfræðingum utan skólans“ (Evrópumiðstöðin, 2005, bls. 6).

Að lokum:

Nám án aðgreiningar felur í sér kerfislæga breytingu sem krefst umbreytingar á því hvernig kennarar og aðrir kennslusérfræðingar eru menntaðir, ekki aðeins með tilliti til hæfni heldur einnig með tilliti til siðrænna gilda.

Hægt er að gefa stutt yfirlit á aðalþáttum tengdum viðurkenndum sérfræðingum með þeim fjölda vísbenda á sviði löggjafar um nám án aðgreiningar sem voru þróaðir og kynntir í verkefni miðstöðvarinnar, *Þróun vísbenda – fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu*:

*Sérkennsla eða málefni á sviði náms án aðgreiningar er hluti af almennu kennaranámi og starfsþjálfun kennara.*

*Kennurum og öðru starfsfólki er veittur stuðningur til að auka þekkingu sína og færni, og þroska viðhorf sitt gagnvart námi án aðgreiningar til að þeir verði í stakk búnir til að mæta þörfum allra nemenda í almennu kennslustarfi.*

*Boðið er upp á námskeið og fleiri möguleika til að kennarar geti aflað sér faglegrar þekkingar til að auka færni sína í starfi.*

*Kennarar gera áætlanir, kenna og endurskoða starfshætti sína í sameiningu.*

*Tilteknir fjármunir eru fráteknir til faglegrar þróunar vegna sérþarfa nemenda í námi án aðgreiningar (Kyriazopoulou og Weber, 2009, bls. 28).*

## STUÐNINGSKERFI OG FJÁRMÖGNUNARKERFI

### Inngangur

Evrópumiðstöðin hélt fyrirspurnarþing hjá Evrópuþinginu í Brussel í nóvember 2011. Áttatíu og átta ungir einstaklingar, bæði með og án sérkennsluþarfa og/eða fötlunar, úr efri bekkjum grunnskóla og starfsmenntun, tóku þátt til að ræða hvaða merkingu þeir leggja í nám án aðgreiningar. Sumar af niðurstöðunum vísa beint í málefni úrræða og fjármögnunar: „Nám án aðgreiningar krefst ýmiss konar úrræða, svo sem meiri tíma og peninga, en sérhver nemandi verður að geta aflað sér þeirrar menntunar sem hann vill“ (Evrópumiðstöðin, 2012a, bls. 13).

*Nauðsynlegt er að aðgengi í byggingum sé gott (lyftur, sjálfvirkar hurðir, aðgengilegir slökkvarar, o.s.frv.) ... Við þurfum að fá meiri tíma í prófum en aðrir. ... Nauðsynlegt er að stuðningskerfi sé til staðar innan skólans svo að fatlaðir nemendur fái aðstoð (á sama stað, bls. 27).*

*Það er gott að fá stuðning frá aðilum utan skólans sem geta verið eins konar milligöngumenn fyrir nemendur með sérþarfir. Sumir kennaranna vildu ekki taka þátt í því að laga námsefnið að þörfum mínum og annarra; kennarar eiga að taka vel á móti öllum nemendum bekkjarins (á sama stað, bls. 20).*

*Niðurskurður stjórnvalda er þegar farinn að hafa áhrif á stuðningsþjónustu – aðstoðarfólk er til dæmis farið að missa vinnuna. Peningarnir eru látnir renna til skólanna, en það er svo misráðið því að þá verða „venjulegir“ kennarar að aðstoða fatlaða og þeir kunna það alls ekki (á sama stað, bls. 27).*

*Oft er talað um að nám án aðgreiningar kosti of mikið, en sparnaðartilraunir sýna að þegar upp er staðið þarf bara að borga meira til að leysa vandamálin. ... Jafnvel í löndum með bágborinn efnahag þarf að framfylgja námi án aðgreiningar á sem bestan hátt. Nám án aðgreiningar er fjárfesting, við þurfum að fjárfesta í fólki; fólkið er eina auðlindin (á sama stað, bls. 24).*

### Stuðningskerfi og fjármögnunarkerfi

Stuðningskerfi og fjármögnunarkerfi ná yfir öll skólastig og taka þess vegna á ýmsum málum. Ennfremur væri ófullnægjandi að takmarka vandamálið við menntasviðið eitt og sér:

*Börnum og unglíngum mun ekki vegna vel í námi ef heilsu þeirra og tilfinningalegum og félagslegum þörfum er ekki sinnt. Fjölskyldur og ýmsir samfélagshópar kunna að þurfa á stuðningi að halda og því þurfa þjónustuaðilar á borð við heilbrigðis- og félagsþjónustu að koma að málum og tryggja að heildstæðum aðferðum sé beitt (Evrópumiðstöðin, 2011c, bls. 17–18).*



Víðtækur skilningur er á því að gagnreynd stefnumótun skipti sköpum fyrir langtímaþróun á menntakerfi án aðgreiningar. Þetta var þegar viðurkennt árið 1999 í starfi miðstöðvarinnar í skýrslunni *Sérkennsla og fjárveitingar*, sem hélt fram að:

*Einnig er hægt að bæta mat- og eftirlitsaðferðir landa innan ramma sérkennslu. Í fyrra tilvikinu er mikilvægt að tryggja og hvetja til árangursríkrar og skilvirkrar notkunar á almennum sjóðum. Í öðru lagi virðist nauðsynlegt að sýna skjólstaðingum menntakerfisins (nemendum með sérþarfir og foreldrum þeirra) skýrt fram á að nám í almennum bekk (þar með talið öll viðbótaraðstaða og -stuðningur) sé af fullnægjandi gæðum (Evrópumiðstöðin, 1999, bls. 158).*

Fjallað hefur verið bæði um fjármögnun og úrræði í ýmsum öðrum verkefnum miðstöðvarinnar. Þar af leiðandi varpa eftirfarandi staðhæfingar og niðurstöður ljósi á þessi tvö mál frá ólíkum sjónarhornum sem mismunandi verkefni sem miðstöðin stjórnar vöktu máls á.

### **Skjót afskipti (SA-þjónusta)**

„Almenn tilhneiging í Evrópu er að SA-þjónusta sé staðsett og veitt eins nálægt barninu og fjölskyldunni og hægt er“ (Evrópumiðstöðin, 2010, bls. 17), t.d. í sveitarfélaginu.

*SA-úrræði og -þjónusta þarf að ná til allra fjölskyldna og ungra barna sem þurfa stuðning þrátt fyrir ólíkan félagshagfræðilegan uppruna. ... Það þýðir að almennir sjóðir ættu að ná yfir allan kostnað sem tengist SA-þjónustu sem er veitt af hinu opinbera, frjálsum félagasamtökum, stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, o.s.frv., og uppfylla áskilda gæðastaðla lands (á sama stað, bls. 21–22).*

*Almenn fjármögnun fyrir SA-þjónustu og -úrræði kemur yfirleitt frá ríkisstjórnnum og/eða úr alríkis-/svæðisbundnum sjóðum og/eða staðbundnum sjóðum. Í flestum tilfellum er SA-fjármögnun sambland af fyrrnefndum þremur stigum stjórnarsýslu, sjúkratryggingum og öflun fjármagns af stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni (á sama stað, bls. 22).*

Tilmæli til að bæta samræmingu SA-þjónustu og SA-úrræða eru meðal annars:

*SA-þjónusta kallar oft á samstarf milli stofnana og er alltaf þverfaglegt starf. Stefnumótandi aðilar þurfa að gefa þessu gaum með því að tryggja að stefna og leiðbeiningar séu þróaðar sameiginlega af deildum menntamála, heilbrigðis- og félagsþjónustu og að allar útgefningar leiðbeiningar fyrir svæðis- og staðbundna þjónustu beri kennimerki frá fleiri en einni skrifstofu. Aðeins á þennan hátt mun samþætt vinna síast niður á svæðis- og staðarvísu (á sama stað, bls. 42).*



## **Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni**

*En það skal tekið skýrt fram að hinar ýmsu leiðir til að takast á við mismunandi getu nemenda eru ekki einungis háðar kennaranum heldur einnig því hvernig kennsluúrræði eru skipulögð innan skólanna og fleiri utanaðkomandi þáttum.*

Þessi staðhæfing er í skýrslu miðstöðvarinnar um *Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni* (Evrópumiðstöðin, 2003, bls. 9).

*Ljóst er að umönnun nemenda með sérþarfir er ekki bara spurning um nauðsynleg úrræði innan kennslustofunnar. Einnig þarf að taka tillit til þess að skipulag innan skólanna hefur einnig áhrif á fjölda og gerð úrræða sem kennarar geta beitt við kennslu nemenda með sérþarfir (á sama stað, bls. 15–16).*

*Skipuleggja ætti nýtingu úrræða innan skólanna með sveigjanlegum hætti... skólar ættu að hafa mikið frelsi til að nýta fjárveitingu samkvæmt eigin óskum og skoðunum. Forðast skal skrifræði til hins ítrasta og nemendur með litlar sem engar sérþarfir ættu einnig að geta notið góðs af úrræðum innan kennslustofunnar eða skólans ef kennari telur þörf á slíku og óskar eftir því (á sama stað, bls. 17).*

„Skiptir meginmáli hvernig fjármagni er ráðstafað og hvaða hvatning felst í þeim ráðstöfunum“ (á sama stað, bls. 18).

*Svokallað gegnumstreymis-kerfi á tilteknum svæðum (á sveitarstjórnarvísu) virðist vera farsælasta fyrirkomulagið við fjármögnun. Þá er fjárveitingu til sérþarfa komið frá stjórnarsýslustigi í hendur svæðisbundinna stofnanna (sveitarfélaga, hverfa, skólabyrpinga). Innan sveitarfélaga eru svo teknar ákvarðanir um hvernig féð skuli nýtt og hvaða nemendur skuli njóta sérþjónustu... Því er líklegt að kerfi sem byggist á valddreifingu sé hagkvæmara og innan þess sé minni hættu á að skipulagsmál verði til trafala. Engu að síður er augljóst að viðkomandi stjórnvöld verða að tilgreina með ótvíræðum hætti hvert markmiðið er (á sama stað, bls. 19).*

## **Starfsmenntun og þjálfun**

Innleiðing starfsmenntunar og þjálfunar fylgir langtíma skipulagning í menntunargeiranum og samstarf við aðila vinnumarkaðarins.

*Áherslan er á að mynda sterkari tengingar... til að þróa námskrár fyrir starfsmenntun og til að þróa fræðsluaðferðir og fræðsluefni við þá færni sem er þörf á atvinnumarkaðnum... skipulagning og framkvæmd mats á hæfni, samstarf við að koma á fót innihaldi nýrra starfsréttinda, staðla og námskráa, og þörfun starfsmenntunar og þjálfunar við þarfir hagkerfisins (Evrópumiðstöðin, 2014, bls. 23).*



*Fyrir einstaklinga þýðir það að nemendur með sérkennsluþarfir fá sérkennsluaðstoð (t.d. stuðningstækni, táknmálstúlka, sérútbúið námsefni, ritara eða annað form af hagnýtri aðstoð) til að gera námskrár starfsnáms og þjálfunar aðgengilegar (á sama stað, bls. 15).*

Starf á svæðisvísu (þ.e. í sýslum, hverfum, sveitarfélögum, héruðum) er lykillinn að því að tryggja bestu samsvörun á milli námsmarkmiða og þarfa vinnumarkaðarins. Svæðisbundnar ráðgjafanefndir eiga virkan þátt í að uppfæra uppbyggingu náms innan þeirra ábyrgðarsvæðis og í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Þær gegna mikilvægu hlutverki við að veita sveigjanleika í námsferlinu.

Starfsmenntastofnunum er stjórnað af mismunandi stofnunum í Evrópulöndunum, eins og staðaryfirvöldum, frjálsum félagasamtökum, einkageiranum, o.s.frv. Í þeim Evrópulöndum sem voru könnuð, liggur aðalábyrgðin á fjármögnun hjá ríkis- og stjórnarsýslueiningum á svæðis- eða sveitarfélagavísu. Ennfremur eru viðmiðanir fjármögnunar í flestum löndum mismunandi eftir tegund eignarhalds (opinbert/einkaeign) í landinu. Aðrar ráðstafanir til að efla atvinnu meðal nemenda með sérþarfir eru greiðslur á kostnaði við þjónustu á vernduðum vinnustað, undanþága frá greiðslu lífeyris- og örorkutryggingar, umbun fyrir að fara fram úr kvóta, fjárhagsaðstoð til fatlaðra starfsmanna sem hasla sér völl sem frumkvöðlar, afsláttur af almannatryggingum, skattaafsláttur fyrir að ráða unga nemendur með sérþarfir eða árleg verðlaun fyrir góðar starfsvenjur. Einnig eru til kerfi sem gera nemendum fært að fara á vinnumarkað og halda jafnframt prósentuhluta af upphaflegri velferðargreiðslu (t.d. frádrætti fyrir öryrkja), sem falla ekki undir skatt eða almannatryggingar. Starfsmönnum yrði einnig leyft að halda „afleiddum bótum“ (t.d. eldsneytisstyrk, sjúkrakort) í ákveðinn tíma.

### **Upplýsinga- og samskiptatækni (UST)**

Aðgengileg upplýsinga- og samskiptatækni getur án vafa greitt fyrir jafnri þátttöku í menntunarstarfi fyrir nemendur með ýmsar sérþarfir. Nemendur með sérþarfir undirstrikuðu mikilvægi upplýsinga- og samskiptatækni á fyrirspurnarþingi Evrópuþingsins árið 2011:

*Í okkar landi er stofnun sem útvegar sérkennsluefni og upplýsingatækni. Skólinn getur fengið hjálpargögn lánuð frá stofnuninni og nemendurnir geta einnig farið með þau heim með sér. Þegar þeir þurfa þessi hjálpargögn ekki lengur geta aðrir notendur í sama eða öðrum skólum notað þau. Það er afar mikilvægt að vera með tæknileg hjálpargögn sem stuðning (Evrópumiðstöðin, 2012a, bls. 14).*

Hins vegar:

*Sú staðreynd að hvötin til að koma á jafnræði í námi í gegnum stuðning við aðgengilega upplýsinga- og samskiptatækni fellur í skuggann af neikvæðri efnahagsþróun undirstrikar að almennar Evrópu- og alþjóðlegar stefnur verða að halda áfram að taka leiðandi stöðu til framtíðar á þessu sviði (Evrópumiðstöðin, 2013, bls. 24).*

Í þessu samhengi væri hægt að líta á öflun sem fjármögnunarkerfi ef aðgengi er innbyggð forsenda. Aðgengi ætti að vera leiðbeinandi meginregla fyrir öflun á allri vöru og þjónustu.

*Aðgangur að viðeigandi upplýsinga- og samskiptatækni í mismunandi samhengi ævináms – þar með talið aðstæður heima við – krefst oft tillagna frá sérfræðingum sem koma frá ólíkum sviðum. ... Það felur í sér samræmingu milli einstaklinga, þjónustu og oft stefna fyrir ólíka atvinnugeira. Það felur einnig í sér sveigjanlegar aðferðir við fjármögnun fyrir upplýsinga- og samskiptatækni, með heimildum fyrir ákvarðanatöku á staðarvísu um útgjöld sem tengjast þörfum sem eru greindar á hverjum stað fyrir sig (Stofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna á sviði upplýsingatækni í menntamálum og Evrópumiðstöðin, 2011, bls. 88).*

Að lokum:

Skoða þarf fjórar kröfur með tilliti til fjármögnunarkerfa til að tryggja að þessi kerfi styðji fyllilega við markmið menntastefnunnar.

Stefna um fjármögnun styður fyllilega nám án aðgreiningar. Það felur í sér þróun á efnahagsstefnum sem búa til hvata, frekar en að hafa letjandi áhrif, til sköpunar úrræða fyrir staðsetningu og þjónustu án aðgreiningar. Þó að til sé fjöldi annarra grundvallarleiða til að fjármagna þjónustu við nemendur með sérþarfir virðist fjármögnun miðað við höfðatölu lofa mestu til að mæta yfirlýstri kröfu.

Fjármögnunarstefnan er algerlega byggð á námsþörfum. Hægt er að ákvarða upphæðir fjármögnunar miðað við höfðatölu á hvern einstakling með kostnaðargreiningum sem sýna hlutfallslegan kostnað við þjónustu við nemendur með ákveðnar sérþarfir.

Fjármögnunarstefnan auðveldar fullkomlega sveigjanlega, skilvirka og árangursríka svörun við þörfum. Frekar en að fjármagna eða veita sértæk úrræði, t.d. fyrirfram ákveðnar starfsstéttir, búnað eða aðstöðu, úthlutar fjármögnun miðað við höfðatölu peningalegum úrræðum, sem stuðla að sveigjanleika í staðbundinni notkun.

Fjármögnunarstefnan stuðlar fyllilega að stuðningi frá skyldri þjónustu og nauðsynlegu þverfaglegu samstarfi.



---

Almennt séð ættu hvatar að tryggja að meiri peningar séu tiltækir ef barn er sett í umhverfi án aðgreiningar og að meiri áhersla sé sett á (ekki aðeins akademíska) útkomu.

## ÁREIÐANLEG GÖGN

### Inngangur

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, ásamt Framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins 2010–2020 og stefnumarkmið Menntunar og þjálfunar 2020 varðandi jafnræði í námi, virka öll sem lykilhvatar að námi án aðgreiningar í löndunum. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks biðlar til aðildarríkja að:

*... skuldbinda sig til þess að safna viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. hagtölur og rannsóknargögn, sem gera þeim kleift að móta og framfylgja stefnu samningi þessum til framkvæmdar (Sameinuðu þjóðirnar, 2006, 31. gr.)*

og

*... í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á rammaáætlun, m.a. einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við á, í því skyni að greiða fyrir, vernda og fylgjast með framkvæmd samnings þessa (á sama stað, 33. gr.).*

Víðtækur skilningur er á því að gagnreynd stefnumótun skipti sköpum fyrir langtímaþróun á menntakerfi án aðgreiningar. Stefnumótandi aðilar, sérfræðingar í gagnasöfnun og vísindamenn gera sér grein fyrir þörfinni fyrir gagnasöfnun á landsvísu sem mætir ekki aðeins kröfum um alþjóðlegar viðmiðunarreglur varðandi stefnu, heldur vinnur einnig innan sameiginlegrar aðferðar til að stuðla að samvirkni framtaks á lands- og alþjóðavísu. Starf miðstöðvarinnar hefur sýnt að það er krafa um að víðtækar upplýsingar séu tiltækar fyrir stefnumótandi aðila og að mismunandi stofnanir bæði á lands- og evrópska vísu noti fjölbreytilegar aðferðir við gagnasöfnun. Þó að þörfin á slíkum gögnum sé hins vegar skýr eru bestu aðferðirnar við söfnun og greiningu á þeim ekki jafn skýrar.

Vegna vinnu miðstöðvarinnar – einkum *Þróun vísbenda – fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu* (Kyriazopoulou og Weber, 2009) og verkefnistengdra aðgerða vegna *Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð (MIPIE)* (Evrópumiðstöðin, 2011a) – koma fimm lykilstefnukröfur tengdar gagnasöfnun fram þegar þörfin fyrir upplýsingar um nám án aðgreiningar á landsvísu er könnuð:

- þörfin fyrir að gagnasöfnun á landsvísu sé fest í samningum á alþjóða- og Evrópuvísu;
- þörfin til að skilja áhrif af mismun í menntakerfi landa;
- þörfin til að greina skilvirkni náms án aðgreiningar;



- þörfin fyrir að gagnasöfnun veiti upplýsingar í tengslum við gæðatryggingarmál; og
- þörfin til að rekja framfarir nemenda til lengri tíma litið.

Stefnumarkandi aðilar þurfa meginleg og eigindleg gögn sem upplýsa þá um gæði menntunar fyrir nemendur með sérkennsluþarfir. Þessi aðalskilaboð endurspeglar aðaltilmæli úr *Alþjóðaskýrslu um fötlun*

(Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin/Alþjóðabankinn, 2011): þörfina á því að löndin þrói fyrirbyggjandi gagnasöfnunarkerfi fyrir eigindleg gögn, en stýri einnig ítarlegri og nákvæmri meginlegri rannsókn á kostnaðarhagkvæmni og öðrum málum tengdum gæðatryggingu.

*MIPIE-verkefnið leiðir til kröfu á þróun á sameiginlegum ramma fyrir gagnasöfnun sem myndi byggja á fyrirbyggjandi aðferðum við gagnasöfnun í hverju landi fyrir sig, sem og samningum og aðferðum við alþjóðlega gagnasöfnun. ... Hægt er að finna þrjá þætti sem renna stoðum undir sameiginlegan ramma:*

- *Flutningur í kerfisbundna aðferðafræði fyrir gagnasöfnun sem er byggð á sameiginlegum hugmyndum og skilgreiningum;*
- *Söfnun vitnisburða sem leiða til bæði eigindlegra og meginlegra viðmiða;*
- *Notkun á margstiga ramma fyrir greiningu á stefnum á lands- og alþjóðlega vísu (Evrópumiðstöðin, 2011a, bls. 11).*

Slíkrar aðferðafræði er þörf til að styðja lönd við þróun „gagnasöfnunar til að fylgjast með réttindum nemenda og til að hafa eftirlit með skilvirkni kerfa fyrir nám án aðgreiningar“ (á sama stað).

### **Eftirlit með réttindum nemenda**

Innan heildarramma fyrir eftirlit með réttindamálum verður að auðkenna bæði eigindlega og meginlegra vísbenda með tilliti til nokkurra þátta:

*(i) Þátttaka í menntun og þjálfun*

Skýrsla miðstöðvarinnar um *Skjót afskipti* leggur til:

*Stefnumótandi aðilar ættu að styðjast við skilvirkar aðferðir til að meta þörf fyrir SA-þjónustu og jafnframt til að kanna hvort þjónustuframboð uppfylli eftirspurn svo að hægt sé að gera áætlanir um betri þjónustu. Finna þarf kerfisbundna leið til að safna og gera mælingar á áreiðanlegum gögnum á landsvísu (Evrópumiðstöðin, 2010, bls. 37).*

Skýrslan *Þátttaka í námi án aðgreiningar* segir:

*Þó svo að ríkisstjórnir og sveitarfélög safni þegar umfangsmiklum gögnum um menntun er lítið vitað um þátttöku. ... Sem stendur eru flest þau gögn sem er safnað vegna eftirlits tölfræðigögn um skráningu í nám og lok náms. ... Fá lönd hafa kerfisbundnar aðferðir fyrir söfnun, greiningu og túlkun meginlegra gagna um þátttöku á einstaklingsvísu, í kennslustofunni og í skólanum, jafnvel þótt sjálfsmatsskýrslur og skoðunarskýrslur skóla spyrji oft spurninga um þátttöku og nám án aðgreiningar (Evrópumiðstöðin, 2011d, bls. 19).*

Þessi skýrsla undirstrikar einnig sumar af hugsanlegum hættum sem eru tengdar gagnasöfnum í tengslum við þátttöku:

*... kerfi sem sett eru upp til að hafa eftirlit með börnum með sérþarfir geta virkað sem hindrun fyrir þátttöku og árangur þeirra með því að merkja þessi börn sem öðruvísi. Ótilætluð afleiðing af því að flokka sum börn til að fylgjast með þátttöku þeirra getur skapað þverstæðu, sem veldur því að aðskildar ráðstafanir eru gerðar fyrir menntun þeirra (á sama stað, bls. 17–18).*

#### *(ii) Aðgangur að stuðningi og aðstöðu*

Þrjár rannsóknir miðstöðvarinnar hafa verið gerðar um mismunandi stuðningsþætti fyrir nemendur með sérþarfir. Fræðileg samantekt verkefnisins *Starfsmenntun og þjálfun* vitnar í Redley (2009):

*Engar áreiðanlegar landstölur eru til um þann fjölda stofnana sem bjóða stuðning á vinnustað eða þann fjölda fólks með námsörðugleika sem starfar þar og ríkisstjórnin tekur ekki þátt í þessu ferli (European Agency, 2012f, p. 41).*

Sameiginleg rannsókn sem miðstöðin stýrði með Stofnun UNESCO á sviði upplýsingatækni í menntamálum, sem rannsakar notkun á upplýsinga- og samskiptatækni í námi fyrir fólk með fötlun, færir rök fyrir því að:

*Þörf er á sundurliðaðri upplýsingum tengdum eftirliti á meginlegum og eigindlegum vísbendum og viðmiðum um upplýsinga- og samskiptatækni í námi fyrir fólk með fötlun, bæði í tengslum við samning SP (2006) og stefnur á svæðisvísu (þ.e. í Evrópu) og landsvísu (Stofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna á sviði upplýsingatækni í menntamálum og Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu, 2011, p. 93).*

Í tengslum við aðgengi á upplýsingum fyrir nám, færa tilmæli *i-access*-verkefni miðstöðvarinnar rök fyrir því að:

*Hafa skal kerfisbundið eftirlit með því að stefnumótun [um aðgengi] sé fylgt. Sem stendur er aðeins hægt að hvetja til eftirlits, en vinna skal að því að auka slíkt eftirlit ... Þörf er á að safna kerfisbundið eigindlegum og meginlegum gögnum, sem ættu einnig að taka til endanlegra notenda úrræða fyrir aðgengilegar upplýsingar. Hins vegar má ekki takmarka eftirlit með framförum*

við setningu tölulegra viðmiða, heldur ætti það að fela í sér möguleika á að safna dæmum um góðar starfsvenjur sem önnur lönd og stofnanir geta haft að fyrirmynd (Evrópumiðstöðin, 2012e, bls. 40–41).

### (iii) Námsárangur og tækifæri til tilfærslu

Tvö stærri verkefni miðstöðvarinnar hafa fjallað um tilfærslu úr skóla og yfir í atvinnulífið. Bæði benda til skorts á áreiðanlegum gögnum á þessum vettvangi. Verkefnið *Umskipti úr skóla og út í atvinnulífið* segir:

*Upplýsingar frá einstökum löndum innihalda aðeins fjölda einstaklinga á atvinnuleysisrá, en meiri hluti þess fólks sem hefur sérþarfir er ekki á skrá – það á ekki einu sinni möguleika á að komast út á vinnumarkaðinn* (Evrópumiðstöðin, 2002a, bls. 2).

Eftirfylgnirannsóknin (Evrópumiðstöðin, 2006) bendir ekki til frampróunar á þessu sviði.

### (iv) Tækifæri til tengslamyndunar

Rannsókn miðstöðvarinnar beinir sjónum að fjölmennigarlegum fjölbreytileika og undirstrikar skort á gögnum í tengslum við einn mikilvægan tengslapátt – innflytjendastefnu nemenda með sérþarfir:

*Mörg landanna sem tóku þátt í verkefninu greindu frá því að það væri skortur á gögnum um nemendur með sérþarfir og með bakgrunn innflytjenda. Ólíkar opinberar stofnanir hafa ólíka ábyrgð og það er engin samræmd aðferðafræði fyrir gagnasöfnum. Til eru aðrar ástæður fyrir þessum skorti á gögnum. Sum lönd halda ekki opinber tölfræðigögn um annan þjóðernislegan uppruna fólks en ríkisfang þeirra og fæðingarland vegna þeirrar reglu að vinnsla á einstaklingsgögnum sem auðkenna kynþátt, þjóðernislegan uppruna, fötlun eða trúarskoðanir sé óheimil. Í öðrum löndum er engin kerfisbundin gagnasöfnun varðandi nemendur með sérþarfir eða nemendur með sérþarfir og úr hópi innflytjenda á lands- eða svæðisvísu* (Evrópumiðstöðin, 2009a, bls. 28).

## Eftirlit með skilvirkni kerfa fyrir nám án aðgreiningar

Gögn sem sýna fram á skilvirkni kerfa fyrir nám án aðgreiningar taka tillit til kostnaðarhagkvæmni, ásamt fjölda sviða sem tengjast reynslu nemenda af námi: aðferða við frumgreiningu, áframhaldandi þátttöku nemenda og fjölskyldna þeirra í námsreynslu og skilvirkni námsumhverfis við að yfirstíga hindranir og stuðla að þýðingarmikilli námsreynslu fyrir alla nemendur.

Rannsókn miðstöðvarinnar um *Námsmat í skólum án aðgreiningar* undirstrikar að það þarf að styðja skóla með:

... leiðbeiningar um hvernig hægt er að nota upplýsingar um námsmat – sérstaklega staðlaðar matsupplýsingar sem safnað er vegna eftirlits á landsvísu – til að bæta úrræði og framkvæmd fyrir alla nemendur, þar með talið þá sem eru með sérkennsluþarfir (Watkins, 2007, bls. 57).

Skýrslan Aukinn árangur meðal nemenda færir rök fyrir því að:

*Til að koma á meiri jöfnuði í námi þarf ýmis árangursviðmið sem löguð eru að aðstæðum á hverjum stað, með áherslu á framlag, úrræði, ferli og niðurstöður/útkomu. Þó að nota ætti upplýsingar (þar með talið gögn) til að stefna að stuðningi og hafa eftirlit með árangri af stefnu og framkvæmd náms án aðgreiningar þarf að fara með gát svo að ábyrgðarkerfi valdi ekki óviðeigandi breytingum fyrir slysi (Evrópumiðstöðin, 2012d, bls. 22).*

Rannsóknin undirstrikar hugsanlega erfiðleika við þetta:

*Við núverandi aðstæður setur þróun á viðeigandi ábyrgðarkerfi og leiðir til að mæla góðan árangur og eftirlit með jafnræði mörg viðfangsefni fram. Þrátt fyrir að stefnt sé í átt að raunverulegum gögnum minnir Fullan (2011) á að: „tölfræðiupplýsingar eru frábær þjónn en skelfilegur húsbóndi“ (bls. 127) og Hargreaves og Shirley (2009) leggja áherslu á þörfina til að setja ábyrgð á undan ábyrgðarskyldu. Þeir segja að ábyrgð ætti að „þjóna sem samviska með dæmum“ og að ráðast ætti „á öfgar prófaðs stöðlunarkerfis sem afneita fjölbreytileika og gera sköpun að engu“ (bls. 109) (Evrópumiðstöðin, 2012d, bls. 22).*

Í *MIPIE*-verkefninu var haldið fram að eftirlit með skilvirkni menntakerfa án aðgreiningar myndi einnig fela í sér athugun á skilvirkni kennaramenntunar (Evrópusambandið, 2011a). Skýrsla *TE4I*-verkefnisins undirstrikar fjölda vandamála í tengslum við framboð á gögnum á þessu sviði. Með tilliti til fulltrúa kennara úr minnihlutahópum:

*Flest þau lönd sem ekki hafa aflað slíkra gagna geta aðeins stuttlega um að fatlað fólk og þeir sem tilheyra þjóðernislegum minnihlutahópum séu í minnihluta meðal kennaranema og útskrifaðra kennara og sama virðist gilda um fræðsluaðila (Evrópumiðstöðin, 2011b, bls. 20).*

Skýrslan bendir einnig á þörfina á gögnum sem leiða til breytingar sem er byggð á sönnunargögnum:

*OECD (2010) hefur veitt skortinum á stórfelldum safnrannsóknum og sönnunargögnum byggðum á fyrirliggjandi gögnum í kennaramenntun athygli ... hefja þarf rannsókn til að tryggja viðeigandi flokk sönnunargagna til að koma á upplýstum breytingum. Dæmin í þessari skýrslu undirstrika sum lykilatriðin fyrir rannsóknir, þar á meðal:*



- *Skilvirkni mismunandi leiða í kennslu;*
- *Aðferðir við kennaramenntun og ITE-námskrá og*
- *Hlutverk samsettra, samræmda og sameinaðra brauta og hvernig best er að stefna áfram til móts við eina námsbraut í almennu kennaranámi sem undirbýr alla kennara fyrir fjölbreytileika (Evrópumiðstöð, 2011b, bls. 64–65).*

MIPIE-verkefnið færir rök fyrir að:

*Á skólastigi ætti gagnasöfnun að:*

- *veita upplýsingar sem gera kennurum og fagfólki í skólum auðveldara að skipuleggja starf sitt og sjá til þess að nemendur njóti viðeigandi stuðnings og úrræða;*
- *gefa góða innsýn í hvernig foreldrum og nemendum er gert kleift að taka fullan þátt í námsferlinu (Evrópumiðstöð, 2011a, bls. 13).*

Til að þetta sé hægt:

*Lykilaðilar þurfa að eiga samvinnu á landsvísu þar sem skýr rök eru fyrir því að safna þurfi lands- og svæðisbundnum upplýsingum og einnig upplýsingum um skóla og starfið í skólastofunni ef landsgögnin eiga að gefa rétta mynd af aðstæðum (á sama stað, bls. 14).*

Að lokum, útvegum gagna getur upplýst stefnumótunaraðila á skilvirkan hátt um nám án aðgreiningar. Auknar kröfur eru uppi – á alþjóða-, evrópska og landsvísu – um að ábyrgð og samanburður á „milli skóla“ og „milli þjóða“ fer vaxandi. Þegar stórir gagnabankar (safngreiningar á samanlögðum gagnahópum og heimildum) verða til skapast tækifæri en einnig raunveruleg viðfangsefni fyrir nám án aðgreiningar.

Þegar kallað er eftir stefnu sem byggist á upplýsingum og útteilingu bjarga undirstrikar það þörfina á reynslutengdum gögnum tengdum öllum nemendum. Nauðsynlegt er að vita hvaða nemendur fá hvaða þjónustu, hvenær og hvar (allir nemendur taldir með). Einnig er nauðsynlegt að hafa gögn um gæði þjónustu og þær niðurstöður sem þau leiða til (athuga framkvæmd).

Mesta áskorunin fyrir gagnasöfnun er tengd því að forðast að flokka og merkja nemendur til að veita upplýsingar um þau úrræði sem þeir njóta. Ekki er hægt að hunsa „fjölda“ þeirra skilgreininga sem eru notaðar um nemendur og „pólítík“ flokkunarkerfa, né heldur þau áhrif sem þessi flokkunarkerfi og skilgreiningar hafa.

Að spurt sé réttu stefnusurninganna er fyrsta skrefið fyrir söfnun gagna sem upplýsir um stefnu á marktækan hátt.

## LITIÐ TIL FRAMTÍÐAR

Megintilgangur ráðstefnunnar í nóvember 2013 var að hugleiða og gefa stutt yfirlit yfir störf miðstöðvarinnar síðasta áratuginn. Þau fimm lykilskilaboð sem lýst er í köflunum hér á undan undirstrika gagnrýnisþætti þegar nám án aðgreiningar á í hlut. Þau eru byggð á niðurstöðum úr auknu umfangi á greiningu á lykilmálefnum, eins og aðildarlönd miðstöðvarinnar lýsa þeim.

Annar megintilgangur ráðstefnunnar var að horfa til framtíðar, kanna hvernig starf miðstöðvarinnar getur veitt aðildarlöndunum betri stuðning, aðstoða þá við að bæta gæði og skilvirkni úrræða þeirra fyrir nám án aðgreiningar fyrir nemendur með fötlun og/eða sérkennsluþarfir.

Miðstöðin vill hjálpa löndum á áþreifanlegri hátt við að innleiða niðurstöður úr starfinu. Það þýðir að veita stefnutilmæli sem eiga betur erindi við stefnumótandi aðila til að styðja seinni tíma breytingar og stefnumótun.

Miðstöðinni er kunnugt um að það starf sem þegar hefur farið fram er í samræmi við og styður beint allt alþjóðlegt og evrópskt stefnumótandi frumkvæði varðandi menntun, jafnræði, jöfn tækifæri og réttindi fyrir fólk með fötlun og/eða sérkennsluþarfir. Vinna miðstöðvarinnar veitir skýr og samfelld tilmæli um hvernig hægt er að koma lykilstefnum á þessum sviðum í framkvæmd. Miðstöðin óskar þess að veita löndum upplýsingar um framfarir þeirra með tilliti til þeirra markmiða sem þau hafa sett sér varðandi: (a) markmið Menntunar og þjálfunar 2020 og (b) Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006), ásamt ýmsum tilskipunum og samskiptum Evrópusambandsins.

Þörf er á leiðbeiningum um hvernig hægt sé að innleiða nám án aðgreiningar fyrir kennara, í skólastofunni, skólanum, umdæminu, sveitarfélaginu og landsstefnu. Miðstöðin getur veitt löndunum leiðbeiningar um hvernig hægt er að koma á námi án aðgreiningar og hvernig það hefur áhrif á almenn gæði menntunar.

Umræðurnar á meðan ráðstefnunni stóð og ítarlegar umræður innan miðstöðvarinnar munu stýra þessu næsta skrefi í starfi miðstöðvarinnar.

## RITASKRÁ

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin/Alþjóðabankinn, 2011. *World Report on Disability* [Alþjóðaskýrsla um fötlun]. Genf: WHO Press.

[http://www.who.int/disabilities/world\\_report/2011/en/index.html](http://www.who.int/disabilities/world_report/2011/en/index.html) (Síðast sótt í júlí 2014)

Bennett, S. og Gallagher, T.L., 2012. *The Delivery of Education Services for Students who have an Intellectual Disability in the Province of Ontario* [Veiting menntunarþjónustu til nemenda með andlega fötlun í Ontario-sýslu]. Toronto: Community Living Ontario

Chapman, C., Ainscow, M., Miles, S. og West, M., 2011. *Leadership that promotes the achievement of students with special educational needs and disabilities* [Stjórnun sem stuðlar að árangri nemenda með sérkennsluþarfir og fötlun]. Nottingham: National College for School Leadership

Efnahags- og framfarastofnunin, 2011. *PISA in Focus. Improving Performance: Leading from the Bottom* [PISA í fókus. Árangurinn bættur: Stjórnað úr neðsta þrepi.] 2011/2 (March). París: OECD

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 1999. *Financing of Special Needs Education – A seventeen-country Study of the Relationship between Financing of Special Needs Education and Inclusion* [Sérkennsla og fjárveitingar – Rannsókn gerð í sautján löndum á samhengi milli fjárveitinga til sérkennslu og náms í skóla án aðgreiningar]. Middelfart, Danmörku: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu.

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2002a. *Umskipti úr skóla og út í atvinnulífið. Meginreglur og tillögur fyrir stefnumótandi aðila*. Middelfart, Danmörku: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. [http://www.european-agency.org/sites/default/files/transition\\_transition\\_entext.pdf](http://www.european-agency.org/sites/default/files/transition_transition_entext.pdf) (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2002b. *Umskipti úr skóla og út í atvinnulífið. Helstu vandamál, viðfangsefni og möguleikar sem blasa við nemendum með sérþarfir í sextán Evrópulöndum. Yfirlitsskýrsla*. Middelfart, Danmörku: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. [http://www.european-agency.org/sites/default/files/transition-from-school-to-employment\\_Transition-is.pdf](http://www.european-agency.org/sites/default/files/transition-from-school-to-employment_Transition-is.pdf) (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2003. *Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofnunni. Yfirlitsskýrsla*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/publications/ereports/inclusive-education-and-classroom-practices/iecp-is.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)



Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2005. *Nám án aðgreiningar og skólastarf í efri bekkjum grunnskóla (11 til 14 ára nemendur)*. Yfirlitsskýrsla. Óðinsvé, Danmörk:

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. [http://www.european-agency.org/publications/ereports/inclusive-education-and-classroom-practice-in-secondary-education/iecp\\_secondary\\_is.pdf](http://www.european-agency.org/publications/ereports/inclusive-education-and-classroom-practice-in-secondary-education/iecp_secondary_is.pdf) (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2006. *Individual Transition Plans: Supporting the Move from School to Employment* [Umskiptaáætlanir einstaklinga: Stuðningur við tilfærslu úr skóla og út í atvinnulífið]. Óðinsvé, Danmörk:

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. [http://www.european-agency.org/publications/ereports/individual-transition-plans-supporting-the-move-from-school-to-employment/itp\\_is.pdf](http://www.european-agency.org/publications/ereports/individual-transition-plans-supporting-the-move-from-school-to-employment/itp_is.pdf) (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2009a. *Menningarlegur fjölbreytileiki og sérkennsla*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu.

<http://www.european-agency.org/publications/ereports/multicultural-diversity-and-special-needs-education/multicultural-diversity-and-special-needs-education> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2009b. *Lykilatriði sem stuðla að gæðum náms án aðgreiningar – Tilmæli fyrir stefnumótandi aðila*. Óðinsvé, Danmörk:

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/publications/ereports/key-principles-for-promoting-quality-in-inclusive-education/key-principles-IS.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2010. *Skjót afskipti – Framfarir og þróun 2005–2010*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu.

<http://www.european-agency.org/publications/ereports/early-childhood-intervention-progress-and-developments/ECl-report-IS.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2011a. *Innleiðing menntastefnu um nám án aðgreiningar kortlögð: Könnun á ýmsum leiðum og möguleikum við þróun vísbenda*.

Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/agency-projects/mapping-the-implementation-of-policy-for-inclusive-education> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2011b. *Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar í Evrópu – Viðfangsefni og tækifæri*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð

fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/publications/ereports/te4i-challenges-and-opportunities/te4i-challenges-and-opportunities> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2011c. *Lykilatriði sem stuðla að gæðum menntunar í skólum án aðgreiningar – Tilmæli um starfshætti*. Óðinsvé, Danmörk:

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european->

[agency.org/sites/default/files/key-principles-for-promoting-quality-in-inclusive-education-recommendations-for-practice\\_keyprinciples-rec-IS.pdf](http://www.european-agency.org/sites/default/files/key-principles-for-promoting-quality-in-inclusive-education-recommendations-for-practice_keyprinciples-rec-IS.pdf) (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2011d. *Participation in Inclusive Education – A Framework for Developing Indicators* [Þátttaka í námi án aðgreiningar – Rammi fyrir þróun vísbenda]. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/publications/ereports/participation-in-inclusive-education-a-framework-for-developing-indicators/Participation-in-Inclusive-Education.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2012a. *Sjónarmið ungs fólks varðandi nám án aðgreiningar*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/publications/ereports/young-views-on-inclusive-education/YoungViews-2012IS.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2012b. *Færnilýsing kennara í skólum án aðgreiningar*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/agency-projects/Teacher-Education-for-Inclusion/Profile-of-Inclusive-Teachers.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2012c. *Raising Achievement for All Learners – Quality in Inclusive Education. Report on the conference held in Odense, Denmark on 13<sup>th</sup>–15<sup>th</sup> June 2012* [Aukinn árangur meðal nemenda – gæði náms án aðgreiningar. Skýrsla um ráðstefnuna sem haldin var í Óðinsvéum, Danmörku dagana 13.–15. júní 2012]. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/sites/default/files/RA4AL-conference-report.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2012d. *Aukinn árangur meðal nemenda – gæði náms án aðgreiningar*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/publications/ereports/ra4al-synthesis-report/RA4AL-synthesis-report.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2012e. *Promoting Accessible Information for Lifelong Learning: Recommendations and findings of the i-access project* [Upplýsingaaðgengi á sviði símenntunar: Tilmæli og niðurstöður úr i-access-verkefninu]. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/publications/ereports/i-access/i-access-report.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2012f. *Vocational Education and Training: Policy and Practice in the field of Special Needs Education – Literature Review* [Starfsmenntun og þjálfun: Starf og stefna á sviði sérkennslu – Fræðileg samantekt]. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. [http://www.european-](http://www.european-agency.org/publications/ereports/vocational-education-and-training-policy-and-practice-in-the-field-of-special-needs-education-literature-review/Vocational-Education-and-Training-Policy-and-Practice-in-the-field-of-Special-Needs-Education-Literature-Review.pdf)



[agency.org/agency-projects/vocational-education-and-training/vet-files/VET-LiteratureReview.pdf](http://www.european-agency.org/agency-projects/vocational-education-and-training/vet-files/VET-LiteratureReview.pdf) (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2012g. *Teacher Education for Inclusion: Project Recommendations linked to Sources of Evidence* [Kennaramenntun í anda skóla án aðgreiningar: Tilmæli úr verkefninu tengd uppruna vitnisburða]. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/agency-projects/Teacher-Education-for-Inclusion/sources-of-evidence.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu, 2013. *European and International Policy Supporting ICT for Inclusion* [Evrópsk og alþjóðleg stefna sem styður upplýsinga- og samskiptatækni í námi án aðgreiningar]. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð fyrir þróun í sérkennslu. [http://www.european-agency.org/sites/default/files/european-and-international-policy-supporting-ict-for-inclusion\\_policy-supporting-ict-for-inclusion.pdf](http://www.european-agency.org/sites/default/files/european-and-international-policy-supporting-ict-for-inclusion_policy-supporting-ict-for-inclusion.pdf) (Síðast sótt í júlí 2014)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2014. *Vocational Education and Training – Summary of Country Information* [Starfsmenntun og þjálfun – Samantekt á landsupplýsingum]. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir. [http://www.european-agency.org/sites/default/files/VET\\_Summary\\_of\\_Country\\_information\\_2014.pdf](http://www.european-agency.org/sites/default/files/VET_Summary_of_Country_information_2014.pdf) (Síðast sótt í júlí 2014)

Farrell, P., Dyson, A.S., Polat, F., Hutcheson, G. og Gallannaugh, F., 2007. 'SEN inclusion and pupil achievement in English schools' [Nemendur með sérkennsluþarfir í námi án aðgreiningar og árangur nemenda í enskum skólum] *Journal of Research in Special Educational Needs*, 7(3), 172–178

Frilseth, L., 2012. *The Norwegian Model for Education for All in Upper Secondary School* [Norska módelið að menntun fyrir alla í efri bekkjum grunnskóla]. Norwegian Directorate for Education and Training. <http://www.european-agency.org/agency-projects/ra4al/ra4al-seminar-pdf/Norway-L-Frilseth.pdf> (Síðast sótt í júlí 2014)

Fullan, M., 2011. *Change Leader: Learning to do what matters most* [Skipt um leiðtoga: Að læra að gera það sem skiptir mestu máli]. San Fransískó: Jossey-Bass

de Graaf, G., van Hove, G. og Haveman, M., 2011. 'More academics in regular schools? The effect of regular versus special school placement on academic skills in Dutch primary school students with Down syndrome' [Fleiri fræðimenn í almenna skóla? Áhrifin á akademíska færni nemenda með Downs-heilkenni af staðsetningu í almenna skóla á móti sérskólum] *Journal of International Disability Research*, December 2011, 57(1), 21–38. doi: 10.1111/j.1365-2788.2011.01512.x

Hargreaves, A. og Shirley, D., 2009. *The Fourth Way – The inspiring future for educational change* [Fjórða leiðin – Hin hvetjandi leið til breytinga í menntakerfinu].



Sameiginleg útgáfa Ontario Principals' Council og National Staff Development Council. Thousand Oaks, CA: Corwin Press

Kalambouka, A., Farrell, P., Dyson, A. og Kaplan, I., 2005. *The impact of population inclusivity in schools on student outcomes* [Áhrif af skólum án aðgreiningar í einkunnum nemenda]. Rannsóknargögn í Education Library. London: EPPI-Centre, Social Science Research Unit, Institute of Education, University of London

Kyriazopoulou, M. og Weber, H. (ritstjórar), 2009. *Þróun vísbenda – fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumíðstöð fyrir þróun í sérkennslu. [http://www.european-agency.org/sites/default/files/development-of-a-set-of-indicators-for-inclusive-education-in-europe\\_indicators-IS.pdf](http://www.european-agency.org/sites/default/files/development-of-a-set-of-indicators-for-inclusive-education-in-europe_indicators-IS.pdf) (Síðast sótt í júlí 2014)

MacArthur, J., 2009. *Learning Better Together: Working towards inclusive education in New Zealand schools* [Lærum betur saman: Unnið að námi án aðgreiningar í skólum á Nýja-Sjálandi]. Wellington: IHC

MacArthur, J., Kelly, B., Sharp, S. & Gaffney, M., 2005. *Participation or exclusion? Disabled children's experiences of life at school* [Þátttaka eða útilokun? Reynsla fatlaðra barna af skólaveru]. Fyrirlestur sem var haldinn á ráðstefnunni Children's Issues Conference, Dunedin, New Zealand, í júlí 2005

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, 2009. *Policy Guidelines on Inclusion in Education* [Viðmiðunarreglur um nám án aðgreiningar]. París: Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna

Menter, I., Hulme, M., Elliott, D. og Lewin, J., 2010. *Literature Review on Teacher Education in the 21<sup>st</sup> Century* [Fræðileg samantekt um kennaramenntun á 21. öldinni]. Scottish Government Social Research. Edinburgh: Scottish Government

Nefnd Evrópubandalaganna, 2008. *Green Paper – Migration & mobility: challenges and opportunities for EU education systems* [Grænbók – búferlaflutningar og hreyfanleiki: Viðfangsefni og tækifæri fyrir menntakerfi í ESB] {SEC(2008) 2173} /\* COM/2008/0423 final \*/ Brussels: Nefnd Evrópubandalaganna

Ráð Evrópusambandsins, 2010. *Council conclusions on the social dimension of education and training* [Ályktanir ráðsins um félagslega þætti menntunar og þjálfunar]. 3013th EDUCATION, YOUTH AND CULTURE Council meeting Brussels, 11 May 2010.

[http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms\\_Data/docs/pressdata/en/educ/114374.pdf](http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_Data/docs/pressdata/en/educ/114374.pdf) (Síðast sótt í júlí 2014)

Redley, M., 2009. 'Understanding the social exclusion and stalled welfare of citizens with learning disabilities' [Skilningur á félagslegri einangrun og stöðnun í velferð borgara með námsörðugleika] *Disability & Society*, 24(4), 489–501



- Sameinuðu þjóðirnar, 2006. *Convention on the Rights of Persons with Disabilities* [Ráðstefna um réttindi einstaklinga með fötlun]. New York: Sameinuðu þjóðirnar
- Stofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna á sviði upplýsingatækni í menntamálum og Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu, 2011. *ICTs in Education for People with Disabilities: Review of innovative practice* [Upplýsinga- og samskiptatækni í menntun fatlaðra einstaklinga: Yfirlit yfir nýja starfshætti]. Moskva: Stofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna á sviði upplýsingatækni í menntamálum. <http://www.european-agency.org/publications/ereports/ICTs-in-Education-for-People-With-Disabilities/Review-of-Innovative-Practice> (Síðast sótt í júlí 2014)
- Watkins, A. (ritstj.), 2007. *Námsmat í skólum án aðgreiningar: Lykilatriði í stefnumótun og starfi*. Óðinsvé, Danmörk: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu. <http://www.european-agency.org/publications/ereports/assessment-in-inclusive-settings-key-issues-for-policy-and-practice/assessment-in-inclusive-settings-key-issues-for-policy-and-practice> (Síðast sótt í júlí 2014)
- Wilkinson, R. og Pickett, K., 2010. *The Spirit Level: Why Equality is Better for Everyone* [Andlega stigið: Hvers vegna jafnrétti er betra fyrir alla]. London: Penguin
- Willms, J.D., 2006. *Learning divides: Ten policy questions about the performance and equity of schools and schooling systems* [Klofningur í menntun: Tíu stefnumótandi spurningar um árangur og jafnræði á milli skóla og skólakerfa]. Montreal: Hagskýrslustofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna





# IS

Secretariat:

Østre Stationsvej 33  
DK-5000  
Odense C  
Denmark  
Tel: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

Brussels Office:

Rue Montoyer 21  
BE-1000  
Brussels  
Belgium  
Tel: +32 2 213 62 80  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)

[www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

